

Afkoma SPRON hf. á þriðja ársfjórðungi 2008

Tap SPRON 3,1 milljarður króna eftir skatta Eiginfjárlutfall 10,1%

Helstu niðurstöður á þriðja ársfjórðungi 2008:

- Tap eftir skatta nam 3,1 milljarði króna en allar skráðar eignir eru færðar á markaðsvirði. Áframhaldandi neikvæð þróun á hlutabréfamarkaði á þriðja ársfjórðungi olli gengistapi sem nam 3.465 milljónum króna.
- Hreinar vaxtatekjur námu 1,1 milljarði króna og jukust um 47% frá sama tímabili í fyrra.
- Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 2,0 milljarða króna.
- Innlánaaukning var 10% frá árslokum 2007.
- Innlán voru 45% af heildarútlánnum til viðskiptamanna.
- Heildarútlán til viðskiptamanna SPRON námu 206,5 milljörðum króna.
- Heildareignir 266,6 milljarðar króna og jukust 19% frá árslokum 2007.
- Eigið fé nam 10,4 milljörðum króna.
- Eiginfjárlutfall (CAD) SPRON var 10,1% en lögboðið lágmark er 8%.
- Áritun endurskoðenda er með fyrirvara um rekstrarhæfi félagsins.

Helstu atburðir eftir lok þriðja ársfjórðungs 2008:

- Alþjóðleg fjármálakreppa og fall viðskiptabankanna þriggja hefur stórskaðað íslenskt efnahagsumhverfi og haft mikil áhrif á eiginfjárstöðu SPRON. Fjármálaeftirlitinu hefur verið gert grein fyrir stöðunni og er unnið að því styrkja eiginfjárstöðuna í góðri samvinnu við helstu hagsmunaaðila. Sú vinna er vel á veg komin og er niðurstöðu að vænta innan skamms.
- Forsendur fyrir fyrirhugaðri sameiningu SPRON og Kaupþings brustu við fall Kaupþings þann 9. október 2008 og í kjölfarið var ráðist í endurskipulagningu á SPRON í ljósi breyttra aðstæðna. Er niðurstöðu þeirra aðgerða að vænta áður en langt um líður.

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON:

” Afkoman fyrir ársfjórðunginn endurspeglar stöðuna fyrir hrun viðskiptabankanna þriggja og var tap bankans á ársfjórðunginum 3 milljarðar og eiginfjárlutfallið rúmlega 10% sem er viðunandi miðað við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum. Fall bankanna og afleiðingar þess eru ekki enn að fullu komnar fram og munu snerta öll fyrirtæki og heimili í landinu. SPRON hefur ekki farið varhluta af því en aðstæður gera það að verkum að erfitt er að meta verðmæti eigna og aðrar stærðir af fullri nákvæmni. Við höfum hins vegar gripið til aðgerða til að styrkja stöðu SPRON með langtímahagsmuni bankans að leiðarljósi og að því ferli koma allir helstu hagsmunaaðilar. Niðurstöður þeirra aðgerða er að vænta innan skamms.

Áritun endurskoðanda og samþykki stjórnar

Reikningar SPRON hf. eru í samræmi við alþjóðleg reikningsskil og hafa verið áritaðir áritað af endurskoðendum SPRON, KPMG hf. Áritunin er með fyrirvara um rekstrarhæfi félagsins. Stjórn SPRON hf. samþykkti árshlutareikninginn á stjórnarfundi í dag 28. nóvember 2008.

Rekstrarreikningur

Tap 3,1 milljarðar króna eftir skatta

Tap SPRON á þriðja ársfjórðungi ársins 2008 nam 3.065 milljónum króna fyrir skatta samanborið við 850 milljón króna tap á sama tímabili í fyrra. Tap félagsins eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins nam 16.525 milljónum króna á tímabilinu sem helgast fyrst og fremst af miklu gengistapi á hlutabréfaeign félagsins.

Rekstrarreikningur samstæðu

Milljónir króna	3F 2008	2F 2008	1F 2008	4F 2007	3F 2007
Hreinar vaxtatekjur	1.097	888	830	800	746
Hreinar þjónustutekjur	283	246	335	629	360
Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	(946)	(1.987)	(5.112)	(5.540)	205
Hlutdeild í (tapi) hagnaði hlutdeildarfélaga	(2.519)	(2.889)	(4.915)	(5.411)	(1.100)
Ýmsar rekstrartekjur	101	82	55	3.440	112
Hreinar rekstrartekjur	(1.985)	(3.660)	(8.807)	(7.510)	324
Rekstrargjöld samtals	(1.579)	(1.284)	(1.316)	(1.598)	(1.298)
Virðisrýrnun útlána	(2.079)	(774)	(293)	(139)	(75)
Tekjuskattur	2.578	705	1.969	1.826	200
Tap tímabilsins	(3.065)	(5.013)	(8.447)	(5.993)	(850)

Hreinar vaxtatekjur námu 1.097 milljónum króna

Hreinar vaxtatekjur námu 1.097 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi, í samanburði við 746 milljónir króna á sama tímabili í fyrra og jukust um 47% frá sama tímabili í fyrra. Vaxtatekjur á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 námu 2.814 milljónum króna, í samanburði við 1.846 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 og jukust um 52%.

Vaxtamunur, sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings á ársfjórðunginum var 1,7% en var 1,5% á sama tímabili í fyrra. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 1,9% á ársfjórðungnum.

Hreinar þjónustutekjur 283 milljónir króna

Hreinar þjónustutekjur námu 283 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi ársins í samanburði við 360 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Hreinar rekstrartekjur neikvæðar um 1.985 milljónir króna

Hreinar rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi voru neikvæðar um 1.985 milljónir króna en voru jákvæðar um 324 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarkostnaður 1.579 milljónir króna

Rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 1.579 milljónum króna í samanburði við 1.298 milljónir á sama tímabili í fyrra. Launakostnaður á þriðja ársfjórðungi ársins 2008 var 729 milljónir króna, samanborið við 592 milljónir króna á sama tímabili árinu 2007. Annar rekstrarkostnaður nam 796 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi samanborið við 658 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2007.

Virðisrýrnun útlána 2.079 milljónir króna

Virðisrýrnun útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 2.079 milljónum króna í samanburði við 75 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Efnahagsreikningur

Heildareignir 266,6 milljarðar króna

Heildareignir SPRON voru 266.646 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 í samanburði við 224.196 milljónir króna á sama tímabili í fyrra og jukust um 19% á tímabilinu.

Sjóður og óbundnar innstæður í SÍ 8,1 milljarðar króna

Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands námu 8.061 milljónum króna í samanburði við 10.332 milljónir króna í lok árs 2007.

Kröfur á lánastofnanir 5,4 milljarðar króna

Kröfur á lánastofnanir námu 5.362 milljónum króna í samanburði við 3.728 milljónir króna í lok árs 2007.

Eignir

Milljónir króna	30.9. 2008	30.6. 2008	31.3. 2008	31.12.2007	30.09.2007
Sjóður og óbundnar innstæður í SÍ	8.061	6.709	5.412	10.332	3.611
Kröfur á lánastofnanir	5.362	8.703	13.274	3.728	5.349
Útlán til viðskiptavina	206.451	179.793	176.836	161.630	148.583
Veltufjáreignir	21.415	22.900	25.733	27.508	29.276
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16.937	21.955	26.615	12.666	15.131
Hlutdeildarfélag	282	147	1.083	2.575	11.896
Rekstrarfjármunir	2.290	2.256	2.327	2.060	1.775
Óefnislegar eignir	285	1.681	1.649	1.713	1.496
Aðrar eignir	5.564	2.567	1.779	1.983	434
Eignir samtals	266.646	246.711	254.707	224.196	219.188

Útlán til viðskiptamanna 206,5 milljarðar króna

Útlán til viðskiptamanna námu 206.451 milljónum króna í lok þriðja ársfjórðungs í samanburði við 161.629 milljónir króna í lok árs 2007.

Fjárfestingaeignir 17,0 milljarðar króna

Veltufjáreignir námu 21.415 milljónum króna í lok ársfjórðungsins í samanburði við 27.507 milljónir króna í lok árs 2007. Fjáreignir á gangvirði námu 16.937 milljónum króna á tímabilinu í samanburði við 12.666 milljónir króna í lok árs 2007. Eignir í hlutdeildarfélagum námu 282 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi, í samanburði við 2.575 milljónir króna í lok árs 2007.

Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka Íslands 34,0 milljarðar króna

Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka Íslands námu 34.016 milljónum króna á tímabilinu í samanburði við 8.513 milljónir króna í lok árs 2007.

Innlán frá viðskiptavinum 93,6 milljarðar króna

Innlán frá viðskiptavinum SPRON námu 93.618 milljónum króna í lok tímabilisins í samanburði við 85.410 milljónir króna í lok árs 2007 og jukust um 10% á tímabilinu.

Innlán 45% af útlánum

Innlán frá viðskiptavinum sem hlutfall af útlánnum til viðskiptavina var 45.3% á tímabilinu og lækkaði vegna veikingar íslensku krónunnar og stækkun efnahagsreiknings um 19% miðað við í lok árs 2007.

Lántaka 103,3 milljarðar króna

Lántaka SPRON nam 103.269 milljónum króna í lok annars ársfjórðungs í samanburði við 89.097 milljónir króna í lok árs 2007 og er aukningin eingöngu vegna veikingu krónunnar.

Víkjandi lán 13,2 milljarðar króna

Víkjandi lán námu 13.159 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 5.432 milljónir króna í lok árs 2007.

Skuldir og eigið fé

Milljónir króna	30.9. 2008	30.6. 2008	31.3. 2008	31.12.2007	30.09.2007
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Sí	34.016	20.641	17.479	8.513	5.688
Almenn innlán	93.618	88.658	93.990	85.410	74.625
Veltufjárskuldir	8.567	6.315	7.862	725	506
Lántaka	103.269	101.490	101.239	89.097	88.553
Víkjandi lán	13.160	11.690	10.963	5.433	5.476
Lífeyrisskuldbindingar	734	726	721	714	727
Skattskuldir	0	120	1.052	2.905	4.906
Aðrar skuldir	2.841	3.009	3.587	3.639	3.601
Skuldir samtals	256.205	232.648	236.894	196.435	184.082
Eigið fé	10.441	13.587	17.813	27.761	35.105

Eiginfjárlutfall 10,1%

Eigið fé SPRON nam 10.441 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi í samanburði við 27.761 milljónir króna í lok árs 2007. Eiginfjárlutfall SPRON er reiknað samskvæmt IFRS reglum og var hlutfallið 10,1% í fjórðungnum samanborið við 13,4% í lok árs 2007.

Horfur og atburðir á fjórða ársfjórðungi

Atburðirnir í októbermánuði og aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum síðustu mánuði hafa gjörbreytt rekstrarhorfum fjármálafyrirtækja. Eiginfjárstaða SPRON hefur skaðast og hefur Fjármálaeftirlitinu verið gert grein fyrir stöðunni og er unnið að því að styrkja eiginfjárstöðuna í góðri samvinnu við helstu hagsmunaaðila. Ljóst er að framundan er mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi sem mun koma niður á starfsemi fjármálafyrirtækja sem og annarra fyrirtækja og heimila í landinu. Til þess að mæta þessum samdrætti verður hagrætt í rekstri og gerðar ráðstafanir þannig að hægt sé að mæta þeim áföllum sem framundan eru.

Forsendur fyrir sameiningu SPRON og Kaupþing brostnar

Við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi þann 9. október brustu forsendur fyrir sameiningu SPRON og Kaupþings. Í ljósi breyttra aðstæðna hafa stjórnendur farið í endurskipulagningu á rekstri bankans.

Viðskipti stöðvuð með hlutabréf

Samhliða setningu neyðarlaganna þann 6. október síðastliðinn ákvað Fjármálaeftirlitið að loka fyrir viðskipti með hlutabréf í SPRON sem og önnur fjármálafyrirtæki. Er það gert á grundvelli mats Fjármálaeftirlitsins á því að aðstæður umræddra útgefaenda séu þannig að viðskiptin mundu skaða hagsmuni fjárfesta og að jafnræði fjárfesta verði ekki tryggt með öðrum hætti, þar sem verðmótandi upplýsingar séu of dreifðar til að unnt sé að tryggja trúnað þeirra. Ekki hefur verið opnað fyrir viðskipti aftur með hlutabréf SPRON og ekki liggur fyrir hvenær það verður gert.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir Guðmundur Hauksson forstjóri SPRON í síma 550 1213 og Valgeir M. Baldursson framkvæmdastjóri fjárhagssviðs í síma 550 1774. Frekari upplýsingar um SPRON má nálgast á heimasíðu félagsins www.spron.is og jafnframt er hægt að senda fyrirspurnir á ir@spron.is



Um SPRON:

SPRON er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. Bankinn er leiðandi á íslenskum fjármálamarkaði hvað ánægju viðskiptavina varðar og leggur ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu.

Dótturfélög SPRON eru SPRON Verðbréf, SPRON Factoring, Netbankinn og Frjálsi Fjárfestingarbankinn. SPRON rekur 7 útibú á höfuðborgarsvæðinu og skrifstofu í Berlin. Hjá SPRON og dótturfélögum starfa um 230 manns.